



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

**119. fundur svæðisskipulagsnefndar
var haldinn í Hamraborg 9, föstudaginn 8. september 2023
og hófst hann kl. 13:30.**

Fundinn sátu:

Björg Fenger var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Guðrún Dóra Brynjólfsdóttir, Harpa Þorsteinsdóttir, Helga Jóhannesdóttir, Helga Jónsdóttir, Hildur Björnsdóttir var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Kjartan Magnússon, Hjördís Ýr Johnson, Karen María Jónsdóttir, Magnús Ingi Kristmannsson, Orri Björnsson, Stefán Már Gunnlaugsson, Pawel Bartoszek, Valdimar Birgisson og Jón Kjartan Ágústsson svæðisskipulagsstjóri.

Fundargerð ritaði: Jón Kjartan Ágústsson, svæðisskipulagsstjóri

Pawel Bartoszek, formaður, setti fund og stýrði.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar - 1510002

Fyrirliggjandi til samþykktar er tillaga að fjárhagsáætlun svæðisskipulagsnefndar dags. 4. september 2023 fyrir árið 2024.

Svæðisskipulagsnefnd samþykkir að fyrirliggjandi tillaga að fjárhagsáætlun ársins 2024 verði send aðildarsveitarfélögum til samþykktar og fjármálastjórum sveitarfélaganna vegna fjárhagsáætlunar sveitarfélaganna 2024.

2. Svæðisskipulagsnefnd fundir nefndarinnar - 2003003

Fyrirliggjandi til samþykktar er tillaga svæðisskipulagstjóra að starfsáætlun svæðisskipulagsnefndar frá september 2023 til maí 2024.

Svæðisskipulagsnefnd samþykkir að fyrirliggjandi tillaga að starfsáætlun ársins 2024 verði send aðildarsveitarfélögum til samþykktar, með breytingum til samræmis við umræður undir þessum lið.

3. Bættar almenningssamgöngur til Keflavíkurflugvallar -starfshópur IRN - 2303002

Munnleg skýrsla formanns um ofangreint.

Á 115. fundi dags. 17. mars 2023 var eftirfarandi niðurstaða skráð í fundargerð: Pawel Bartoszek er tilnefndur sem fulltrúi svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins og Hjördís Ýr Johnson til vara.

Umræður

4. Málþing um betri almenningssamgöngur milli Keflavíkurflugvallar og Höfuðborgarsvæðis - 2003003

Fyrirliggjandi er bréf VSB verkfræðistofu fyrir hönd Reykjavíkurborgar þar sem



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

óskað er eftir þátttöku svæðisskipulagsnefndar vegna ofangreinds.

Lagt er til að svæðisskipulagsnefnd feli formanni og svæðisskipulagsstjóra að hefja viðræður við skipuleggjendur um þátttöku á málþingi og mögulegan stuðning. Niðurstöður verði kynntar fyrir svæðisskipulagsnefnd þegar þær liggi fyrir.

Samþykkt

5. Græni stígurinn - fýsileikaskýrsla - 2301008

Á 118. fundi dags. 7. júní 2023 var eftirfarandi niðurstaða skráð í fundargerð: SSH er falið að senda drög að frumgreiningu vegna legu græna stígsins til umsagnar: Sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu, ÖBÍ, Skógræktarfélags Íslands, Landssambands hestamannafélaga, Landsnets hf., Veitna ohf., Samráðshóps um vatnsvernd á höfuðborgarsvæðinu og Landssamtaka hjólræðarmanna. Tímafrestur var veittur til 15. september 2023. Niðurstöður verði kynntar fyrir svæðisskipulagsnefnd ásamt tillögum að næstu skrefum.

Engar umsagnir hafa borist en eitt sveitarfélag hefur óskað eftir framlengingu umsagnarfrestar og tvö sveitarfélög hafa óskað eftir kynningu á verkefninu. Er því lagt til að umsagnarfrestur verði framlengdur til 9. október 2023. Einnig verði umsagnaraðilum sent bréf með tilkynningu þess efnis ásamt boði um sérstaka kynningu af hendi höfunda skýrslunnar og mun SSH gangast til samninga við þau vegna þessa.

Samþykkt

6. Aðalskipulag Mosfellsbæjar 2022-2040 -Heildarendurskoðun - 2306003

Fyrirliggjandi til kynningar eru drög að umsögn svæðisskipulagsstjóra sem eru í vinnslu. Óskað verður eftir heimild að senda endanlega útgáfu til Mosfellsbæjar þegar umsögn er tilbúin. Endanleg útgáfa verði einnig send svæðisskipulagsnefnd í tölvupósti.

Samþykkt

7. RVK Norður Mjódd -Stekkjarbakki 4-6 og Álfabakki 7 -breyting á deiliskipulagi 2023 - 2308003

Fyrirliggjandi til samþykktar er umsögn svæðisskipulagsstjóra dags. 4. september 2023.

Samþykkt

8. KÓP Brú yfir Fossvog -breyting á deiliskipulagi 2023 - 2308001

Fyrirliggjandi til samþykktar er umsögn svæðisskipulagsstjóra dags. 5. september 2023.

Samþykkt.

Kjartan Magnússon sat hjá við afgreiðslu þessa liðar.

9. KÓP Vesturvör 38A og 38B -breyting á deiliskipulagi 2023 - 2308002



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Fyrirliggjandi til samþykktar er umsögn svæðisskipulagsstjóra dags. 5. september 2023.

Samþykkt.

Kjartan Magnússon sat hjá við afgreiðslu þessa liðar.

10. Gb Uppland Garðabæjar, breyting á aðalskipulagi Garðabæjar 2016-2030 - 2204001

Fyrirliggjandi til kynningar eru svör Garðabæjar vegna ofangreinds.

Lagt fram til kynningar

11. Breyting á fulltrúa í svæðisskipulagsnefnd - 2003003

Fyrirliggjandi er bréf dags. 7. september 2023 frá bæjarritara Garðabæjar þar sem tilkynnt er um kosningu Hörpu Þorsteinsdóttir sem aðalmanns í svæðisskipulagsnefnd í stað Ingvars Arnarsonar.

Svæðisskipulagsnefnd þakkar Ingvari Arnarsyni fyrir gott samstarf og býður Hörpu velkomna í nefndina.

Lagt fram til kynningar

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:45.